PERSÓNU VERND

Alþingi
Velferðarnefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2019

Tilvísun: 2019101902/GIÁ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 11. október 2019 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn (88. mál á 150. löggjafarþingi 2019-2020, þskj. 88).

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi ályktí að fela dómsmálaráðherra að undirbúa lagabreytingu sem tryggi að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2020.

Persónuvernd bendir á nauðsyn þess að gætt sé að ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, við þá vinnslu persónuupplýsinga sem hér um ræðir. Yrði vinnslan því m.a. að samrýmast grunnreglum um sanngirni og meðalhóf, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Að því marki sem í lagafrumvarpi á grundvelli þingsályktunartillögunnar yrði að finna ákvæði, sem varða myndu vinnslu persónuupplýsinga, myndi stofnunin veita efnislega umsögn um þau. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

F.h. Persónuverndar,

Helga S. Þórhallsdóttir

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Gunnar Ingi

Gunnar Ingi Ágústsson